

REGLUR

um félagslega heimaþjónustu í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsum við sem eðlilegastar aðstæður.

2. gr.

Með félagslegri heimaþjónustu er átt við hvers konar heimilishald, persónulega umhirðu, félagslegan stuðning og umönnun barna og unglunga.

Einnig telst heimsending matar til félagslegrar heimaþjónustu.

3. gr.

Skilyrði til þess að geta fengið félagslega heimaþjónustu er að viðkomandi búi í heimahúsi og geti ekki séð hjálparlaust um heimilishald og persónulega umhirðu vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.

4. gr.

Sótt er um félagslega heimaþjónustu á þar til gerðum umsóknareyðublöðum til fræðslu- og velferðarsviðs. Áður en heimaþjónusta er veitt, skal aðstoðarþörfin metin í hverju einstöku tilviki. Heimilt er að óska eftir læknisvottorði.

Úrvinnsla umsókna, öflun gagna og upplýsinga varðandi þjónustuþörf og greiðslugetu skal unnin í samvinnu og samráði við umsækjanda eftir því sem unnt er sbr. XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum.

Starfsmenn fræðslu- og velferðarsviðs sjá um að meta þörfina fyrir þjónustu og ákveða vikulegan tímafjölda. Ávallt skal leitast við að veita þjónustu sem viðkomandi eða aðrir heimilismenn geta ekki annast sjálfir.

5. gr.

Heimaþjónusta skal að jafnaði veitt á dagvinnutíma frá mánudegi til föstudags. Þjónusta utan þess tíma (sbr. t.d. 13. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra) skal einungis veitt ef fyrir liggur samþykki félagsmálaráðs að undangengnu mati á aðstoðarþörf sbr. 4. gr.

Heimsending matar er skipulögð á Hvammstanga og Laugarbakka, í öðrum tilvikum er reynt að finna einstaklingsbundnar lausnir.

6. gr.

Starfsmaður í heimaþjónustu skal gæta þess í störfum sínum inni á heimili að unnið sé í samráði og samvinnu við þann sem þjónustunnar nýtur og hvetja hann og styðja til sjálfsbjargar. Starfsmönnum í heimaþjónustu er óheimilt að ræða persónulega hagi, heimilishald eða einkamál aðstoðarþega við óviðkomandi aðila. Við framkvæmd félagslegrar heimaþjónustu skal haft sem nánast samstarf við aðra þá aðila sem veita viðkomandi aðstoðarþegum þjónustu, t.d. starfsfólk á heilsugæslustöðvum.

7. gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 skal greitt samkvæmt gjaldskrá er sveitarstjórn Húnaþings vestra setur að fengnum tillögum frá félagsmálaráði. Greiðslugeta umsækjanda og maka hans er lögð til grundvallar og er heimilt að krefja umsækjanda um gögn varðandi fjárhag hans.

Heimsendur matur er greiddur af einstaklingum sjálfum en sveitarfélagið sér um dreifingu þeim að kostnaðarlausu.

8. gr.

Umsækjandi getur skotið afgreiðslu starfsmanna til félagsmálaráðs innan tveggja mánaða frá afgreiðslu. Ákvörðun félagsmálaráðs er hægt að áfrýja til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálaráðs.

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 29. gr. laga um félagsþjónsútu sveitarfélaga nr. 40/1991 voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 14. júní 2012 að fengnum tillögum félagsmálaráðs, öðlast þegar gildi.

Hvammstanga, 10. júlí 2012.

Skúli Þórðarson,
sveitarstjóri Húnaþings vestra.

B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2012